

Mannfjöldapróun 2011

Population development 2011

Samantekt

Hinn 1. janúar 2012 voru íbúar landsins 319.575. Þeim fjölgaði um 0,4% frá sama tíma árið áður eða um 1.123 einstaklinga. Árið 2011 fæddust 4.496 börn en 1.985 manns létust. Fæddir umfram dána voru því 2.511. Þá fluttust 6.982 utan en 5.578 til landsins. Brottfluttir umfram aðflutta voru því 1.404 árið 2011.

Í upphafi árs 2012 var 61 þéttbýlisstaður á landinu með 200 íbúa eða fleiri. Auk þeirra voru 35 smærri byggðakjarnar með 50–199 íbúa. Alls bjuggu 298.813 í þéttbýli 1. janúar síðastliðinn og hafði þá fjölgað um 999 frá sama tíma ári fyrr. Í dreifbýli og smærri byggðakjörnum bjuggu alls 20.762.

Fjölmennasta sveitarfélagið var Reykjavík með 118.814 íbúa. Það fámennasta var hins vegar Árneshreppur á Ströndum þar sem bjuggu 52 íbúar. Árið 2011 fækkaði fólki í 41 sveitarfélagi og á fjórum landsvæðum af átta.

Erlendir ríkisborgarar voru 20.957 hinn 1. janúar 2012 og af þeim voru Pólverjar langfjölmennastir. Alls höfðu 9.049 einstaklingar pólskt ríkisfang eða 43,2% allra erlendra ríkisborgara.

Breytingar á mannfjölda

Mannfjöldi hinn 1. janúar 2012 var 319.575. Íbúatala landsins hækkaði um 1.123 frá 1. janúar 2011 eða um 0,4%. Alls voru 160.364 karlar og 159.211 konur búsettar á Íslandi 1. janúar 2012. Körlum fjölgaði um 358 árið 2011 en konum um 765.

Undanfarinn áratug hefur búsetuþróun á Íslandi verið með nokkuð sérstæðum hætti. Mikill vöxtur hljóp í íbúafjöldann árin 2005–2007 þegar árleg fjölgun fór yfir 2%. Íbúatala landsins náði hámarki 1. janúar 2009 þegar hér voru skráðir 319.368 einstaklingar til heimilis. Árið 2009 fækkaði landsmönnum, en þeim fjölgaði svo lítillega 2010 og 2011. Hinn 1. janúar 2012 reyndist mannfjöldinn meiri um 207 manns en hann hefur verið mestur áður.

Fólksflutningar

Sveiflur í mannfjöldatölum skýrast fyrst og fremst af tölum um búferlaflutninga til landsins og frá því. Árið 2011 fluttust 1.404 af landi brott umfram aðflutta. Aðfluttir voru 5.578, en brottfluttir 6.982. Fjöldi aðfluttra stóð nokkurn veginn í stað frá árinu 2010, en brottfluttum fækkaði um 777. Flutningsjöfnuðurinn var því mun hagstæðari árið 2011 en árið þar á undan þegar brottfluttir umfram aðflutta voru 2.134.

Allnokkur munur var milli kynja í millilandaflutningum. Árið 2011 fluttust 986 fleiri karlar úr landi en til landsins og 418 fleiri konur fluttust frá landinu en til



Þess. Fram til ársins 2003 fluttust að jafnaði fleiri konur til landsins en karlar. Þessi þróun snerist við á tímabilinu frá 2004–2008. Á þeim árum fluttust til landsins 4.215 fleiri karlar en konur. Á undanförunum þremur árum hafa hins vegar 3.833 fleiri karlar en konur flust úr landi umfram aðflutta. Hlutfall kynjanna í mannfjöldanum hefur því jafnast á nýjan leik.

- Fæddir* Alls fæddust 4.496 börn á árinu, þar af 2.327 drengir og 2.169 stúlkur. Þetta eru talsvert færri börn en árið 2010, en þá fæddust 4.907 börn. Fæðingartölur þessar jafngilda því að fæðingartíðnin, þ.e. fjöldi fæðinga á hverjar 1.000 konur á aldrinum 15–44 ára, hafi verið 68,0 árið 2011. Til samanburðar var fæðingartíðnin 73,7 árið á undan. Fæðingartíðnin er þrátt fyrir allt enn fyrir ofan það sem hún var lægst í kringum aldamótin. Fæðingarárgangurinn 2011 er sá 26. stærsti frá árinu 1951.
- Dánir* Árið 2011 létust 1.985 manns sem búsettir voru á Íslandi, 998 karlar og 987 konur. Dánartíðni á hverja 1.000 íbúa var 6,2 dánir árið 2011 en hún hefur verið 6,1 til 6,5 prómill frá upphafi aldarinnar.
- Meðalævi við fæðingu* Árið 2011 gátu nýfæddir drengir vænst þess að verða 79,9 ára en stúlkur 83,6 ára. Árin 2006–2010 gátu drengir búist við að verða 79,4 ára en stúlkur 83,1 árs.
- Erlendir ríkisborgarar* Hinn 1. janúar 2012 voru 20.957 erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, eða 6,6% af mannfjöldanum. Flestir voru erlendir ríkisborgarar 1. janúar 2009 þegar þeir voru 7,6% mannfjöldans.
- Fæddir erlendis* Alls voru 34.672 fæddir erlendis, eða 10,8% mannfjöldans. Af þeim voru 16.828 karlar og 17.544 konur. Árið 2011 voru 34.709 fæddir erlendis, en flestir voru þeir 1. janúar 2009 þegar 37.562 mannfjöldans voru fæddir utanlands eða 11,8%.
- Kynjahlutfall jafnast* Hinn 1. janúar 2012 voru 1.007 karlar á landinu á móti hverjum 1.000 konum. Til samanburðar voru þeir 1.010 á móti hverjum 1.000 konum árið á undan. Fram til ársins 2004 voru konur jafnan í meirihluta þeirra sem fluttust til landsins. Einkum átti það þó við aðflutta erlenda ríkisborgara. Árið 2004 snerist þetta við og mikill aðflutningur karlmanna, aðallega með erlent ríkisfang og á aldrinum 30–49 ára, olli því að í ársbyrjun 2008 bjuggu á Íslandi 1.041 karl á móti hverjum 1.000 konum.

Aðflutningur til landsins er enn bundinn körlum að meirihluta. Það er því mikill og hraður brottflutningur þeirra allt frá árinu 2007 sem hefur valdið jöfnun kynjahlutfallsins á nýjan leik. Árið 2011 voru í aðflutningum 1.039 karlar á móti hverjum 1.000 konum, en 1.214 karlar í brottflutningum fyrir hverjar 1.000 konur.

Íbúapróun á einstaka landsvæðum

Fólksfjölgun var á höfuðborgarsvæðinu, en þar bjuggu 1.253 fleiri 1. janúar 2012 en fyrir ári. Það jafngildir 0,6% fjölgun íbúa á einu ári. Hlutfallslega varð fólksfjölgunin hins vegar mest á Suðurnesjum, þar sem fjölgaði um 0,7%, eða 154 frá síðasta ári. Íbúum fjölgaði einnig á Norðurlandi eystra, um 12 einstaklinga (0,4%), og um 50 (0,4%) á Austurlandi. Fólksfækkun var á fjórum landsvæðum, mest á Norðurlandi vestra þar sem fækkaði um 194 manns, eða 2,6%. Umtalsverð fólksfækkun var einnig á Vestfjörðum en þar fækkaði um 82, eða 1,2%. Minni fólksfækkun var á Suðurlandi (0,2%) og Vesturlandi (0,1%).

*Fólksfjöldapróun
síðustu fimm ára*

Þegar litið er til síðustu fimm ára blasir nokkuð önnur mynd við. Þá fjölgaði landsmönnum að meðaltali um 0,8% á ári. Suðurnes voru á tímabilinu töluvert fyrir ofan landsmeðaltal með 2,4% árlega fjölgun. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði rétt ofan við landsmeðaltal, 1,2% á ári að meðaltali, en á Suðurlandi fjölgaði um 0,7% á ári að jafnaði. Árleg fjölgun á Vesturlandi síðustu fimm ár var undir landsmeðaltali, eða 0,4%, en á Norðurlandi eystra hefur hún aðeins verið um 0,2%. Undanfarin fimm ár, frá ársbyrjun 2007 hefur hins vegar fækkað á Austurlandi sem nemur 4,3% árlegri fækkun, á Vestfjörðum sem nemur 1,1% árlegri fækkun og á Norðurlandi vestra sem nemur 0,7% árlegri fækkun. Sé hins vegar litið til síðustu 10 ára þá er myndin svipuð fyrir öll landsvæði nema Austurland. Þar hefur íbúum fjölgað frá ársbyrjun 2002 en árleg fjölgun var þó ekki nema 0,6% á ári samanborið við 1,1% fyrir landið allt.

Íbúapróun í þéttbýli og strjálbýli

Tæplega 63% mannfjöldans bjó á Stór-Reykjavíkursvæðinu 1. janúar 2012, þ.e. samfelldri byggð frá Hafnarfirði til Mosfellsbæjar, eða 199.759 manns. Í strjálbýli búa 20.762 einstaklingar, eða 6,5% mannfjöldans. Í strjálbýli eru alls 35 byggðakjarnar með 50–199 íbúa, en þar búa aðeins 1,3% mannfjöldans.

Á árinu 2011 var fjölgun íbúa í fámennari byggðakjörnum og strjálbýli yfir landsmeðaltali, eða 0,6%. Á undanförunum 10 árum, frá 1. desember 2001, hefur íbúum í fámennari byggðakjörnum og strjálbýli hins vegar fækkað árlega um 0,4%. Hinn 1. janúar 2002 bjuggu 7,6% landsmanna í strjálbýli og byggðarlögum með færri en 200 íbúa. Hinn 1. janúar 2012 bjuggu hins vegar 6,5% íbúa landsins í slíkum byggðarlögum.

Konur frekar í þéttbýli

Kynjahlutföll fara mjög eftir þéttbýlisstigi. Þannig eru 985 karlar á hverjar 1.000 konur í Reykjavíkurbéttbýlinu. Þetta hlutfall breytist körlum í vil eftir því sem þéttbýlið verður fámennara, þótt ekki sé það fyllilega línulegt samband. Ójafnast er kynjahlutfallið í strjálbýli, en þar var 1.135 karl á móti 1.000 konum þann 1. janúar 2012.

Tafla 1. Mannfjöldi og kynjahlutfall eftir byggðarstigi 1. janúar 2012

Table 1. Population and sex ratio by size groups of localities 1 January 2012

	Fjöldi staða <i>Number of localities</i>	Mann- fjöldi alls <i>Total population</i>	%	Konur á hverja 1000 karla <i>Sex ratio</i>
Allt landið <i>Total</i>	•	319.575	100,0	1.007
Staðir með 200 íbúa og fleiri <i>Localities with 200 inhabitants or more</i>	61	299.200	93,6	1.000
>100.000	1	199.759	62,5	985
10.000–99.999	2	31.748	9,9	995
5.000–9.999	2	13.134	4,1	1.038
2.000–4.999	8	21.387	6,7	1.032
1.000–1.999	13	17.411	5,4	1.077
500–999	14	9.585	3,0	1.049
200–499	21	6.176	1,9	1.047
Fámennari staðir og strjálbýli <i>Smaller urban nuclei and rural areas</i>	•	20.375	6,4	1.105
100–199	20	2.825	0,9	1.065
50–99	15	1034	0,3	1.031
Strjálbýli <i>Rural areas</i>	•	16.516	5,2	1.135

Fækkun í flestum byggðakjörnum

Árið 2011 fækkaði í 51 byggðakjörnum og í öðrum tveimur var minni fjölgun en sem nam meðalfjölgun á landinu. Í 49 byggðakjörnum fjölgaði íbúum umfram landsmeðaltal.

Fækkunin var mest í smærri byggðakjörnum ef frá er talin Reykjavík. Meðalíbúatala þeirra byggðakjörna (án Reykjavíkur) þar sem fækkaði eða fjölgun var minni en landsmeðaltal var 911 íbúar. Meðalíbúatala hinna var 2.808.

Íbúapróun í sveitarfélögum

Sveitarfélög á Íslandi voru alls 75 hinn 1. janúar 2012 og fækkaði um eitt frá árinu áður, þegar Bæjarhreppur á Ströndum sameinaðist Húnaþingi vestra undir nafni síðarnefnda sveitarfélagsins. Sveitarfélögin eru misfjöldmenn. Reykjavíkurborg var fjölmennast með 118.814 íbúa en Árneshreppur á Ströndum var fámennast með 52 íbúa. Alls hafa 26 sveitarfélög færri en 500 íbúa, en í aðeins níu sveitarfélögum búa 5.000 íbúar eða fleiri (sjá töflu 2).

Fækkar í flestum sveitarfélögum

Á árinu 2011 fækkaði íbúum í 43 af 75 sveitarfélögum landsins. Í 25 minnstu sveitarfélögum fjölgaði fólki í aðeins sex þeirra. Hlutfallslega fækkaði íbúum mest í Tálknafjarðarhreppi. Af níu stærstu sveitarfélögum með 5.000 íbúa eða fleiri fjölgaði Garðbæingum hlutfallslega mest, en fækkun var í Reykjavík, á Akranesi og í Sveitarfélaginu Árborg.

Próun síðustu fimm ára

Þegar litið er til íbúapróunar síðustu fimm ára var mest árleg fjölgun í stærstu sveitarfélögum. Í öðrum sveitarfélögum stóð mannfjöldinn í stað eða hann minnkaði. Árleg fækkun var í öllum sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa, þó einna mest í minnstu sveitarfélögum. Íbúum fækkaði í 13 minnstu sveitarfélögum að meðaltali um 6,6% á ári frá 1. janúar 2007 til 1. janúar 2012, eða alls um 591 íbúa. Sé Fljótsdalshreppur ekki talinn með, en þar var íbúapróun nokkuð

sérstök á tímabilinu vegna virkjanaframkvæmda, varð fækkunin í minnstu sveitarfélögum 2,0% að meðaltali á ári.

Tafla 2. Íbúapróun 2007–2011 eftir stærð sveitarfélaga

Table 2. Population change 2007–2011 by size groups of municipalities

Stærð sveitarfélaga <i>Population size</i>	Fjöldi sveitarfélaga <i>Number of localities</i>	Fjöldi sveitarfélaga þar sem fjölgaði 2011 <i>Number with popul. increase 2011</i>	Mannfjöldi 1. janúar 2012 <i>Population 1 January 2012</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	
				Breyting frá fyrra ári <i>Change from previous year</i>	Meðalbreyting sl. 5 ára <i>Annual change last 5 yrs</i>
Alls Total	75	32	319.575	0,4	0,76
>5.000	9	6	243.029	0,6	1,36
2.000–4.999	13	6	42.358	-0,4	-1,39
1.000–1.999	11	5	16.413	-0,6	0,00
500–999	17	9	12.046	-0,7	-0,44
200–499	12	5	4.287	0	-0,20
<200	13	1	1.442	-3,6	-6,64


Mannfjöldi eftir kyni

Kynjahlutfall jafnaðist enn

Á undanföllum árum hefur kynjahlutfall í landinu raskast mikið (sjá mynd 1). Röskuninni olli gríðarlegur aðflutningur karla til landsins á árunum 2004–2008. Reyndar skekkust allar búferlaflutningatölur á þessu árabili, enda voru karlar þá einnig í miklum meirihluta þeirra sem fluttu af landi brott á árabilinu 2006 og síðar. Hlutfallslega urðu konur fæstar 1. janúar 2008 en þá var 1.041 karl á móti hverjum 1.000 konum. Hinn 1. janúar 2012 hafði þetta hlutfall jafnast mjög og var þá 1.007 karlar á hverjar 1.000 konur.

Mynd 1. Fjöldi karla á hverjar 1.000 konur 1998–2012

Figure 1. Number of males per 1,000 females 1998–2012



Mannfjöldi eftir aldri

Aldursflokkarnir frá nýfæddum til 54 ára voru svipaðir að stærð 1. janúar 2012 með 21–24 þúsund í hverjum fimm ára aldurshópi. Frá 55 ára fækkaði hins vegar í árgöngum. Alls voru 46 einstaklingar 100 ára eða eldri, þar af 39 konur. Fjölmennasti aldurshópurinn er fólk á aldrinum 20–24 ára, þá 0–4 ára og loks 15–19 ára.

Mannfjöldapýramídið

Þegar eingöngu er litið á aldursdreifingu innlendra má sjá að lögun hins svokallaða mannfjöldapýramída minnir ekki nema að litlu leyti á pýramída (sjá mynd 2). Lögunin ræðst einkum af bylgju fæðinga fyrr á árum, sér í lagi hvað yngstu aldurshópana varðar. Þessu til viðbótar eru aldurshóparnir 20–39 ára einnig þeir hópar sem helst flytjast búferlaflutningum til útlanda.

Erlendir ríkisborgarar eru flestir á aldrinum 20–39 ára. Það má því segja með nokkrum rétti að þeir fylli upp í það skarð sem hlutfallslega fámennari íslenskir aldurshópar hafa skilið eftir sig.

Mynd 2. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og ríkisfangi 1. janúar 2012

Figure 2. Population by sex, age and citizenship 1 January 2012




Tvö meginmynstur í aldursdreifingunni

Þegar aldursdreifingin er skoðuð eftir landsvæðum koma í ljós tvö meginmynstur, annars vegar suðvesturhornið og hins vegar landsbyggðin. Á suðvesturhorni landsins, á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum, er dreifing aldurshópa jafnari en á öðrum landsvæðum. Á höfuðborgarsvæðinu eru aldurshóparnir 20–39 ára hlutfallslega fjölmennastir, en aldurshóparnir 0–19 ára á Suðurnesjum. Hins vegar eru aldurshóparnir 20–39 ára hlutfallslega fámennastir utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Þar er ungt fólk á aldrinum 10–19 ára fjölmennasti aldurshópurinn en aldurshópurinn 0–9 ára er talsvert fámennari en meðal þjóðarinnar í heild (sjá mynd 3). Sérstaklega er þetta þó áberandi á Vestfjörðum og Austurlandi, en þar verða erlendir ríkisborgarar þó að einhverju leyti til að bæta upp fámenni í þessum aldurshópum.

Mynd 3. Mannfjöldi eftir kyni, aldri, ríkisfangi og landsvæði 1. janúar 2012

Figure 3. Population by sex, age, citizenship and region 1 January 2012



Breytt aldurssamsetning

Á undanförunum árum og áratugum hefur aldurssamsetning landsmanna breyst mikið. Börnum hefur fækkað hlutfallslega en eldra fólki fjölgað. Fjöldi fólks á vinnualdri hefur staðið í stað undanfarin ár. Í ársbyrjun 2012 var fólki á þessum aldri 59,4% en var 59,5% 1. janúar 2011. Á síðastliðnum fimm árum hefur fólki á aldrinum 0–19 ára fækkað úr 28,8% af þjóðinni í 28,0% en fólki sem er eldra en 64 ára fjölgað úr 11,6% í 12,6%.


Framfærsluhlutfall

Framfærsluhlutfall barna og ungs fólks undir tvítugu var misjafnt eftir landsvæðum (sjá mynd 4). Í ársbyrjun 2012 var það lægst á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi, 45 af hverjum 100 á vinnualdri á höfuðborgarsvæðinu en 46 af hundraði á Austurlandi. Hlutfallið var hæst á Suðurnesjum þar sem það var 53 af hverjum 100 á vinnualdri. Á öðrum landsvæðum var framfærsluhlutfall ungmenna á bilinu 48 til 51 af hundraði.

Framfærsluhlutfall þeirra sem eldri eru var aftur á móti hæst á Norðurlandi vestra, þar sem það var 29 af hundraði á vinnufærum aldri. Lægst var þetta hlutfall á Suðurnesjum eða 17 af hverjum 100 og á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 20 af hverjum 100. Á öðrum landsvæðum var hlutfallið milli 23 og 25 af hundraði vinnufærra íbúa.

Mynd 4. Framfærsluhlutfall eftir landsvæði 1. janúar 2012

Figure 4. Dependency ratios by region 1 January 2012

**Erlendir ríkisborgarar og fólk fætt erlendis****Erlendir ríkisborgarar**

Hinn 1. janúar 2012 voru skráðir hérlendis 20.957 erlendir ríkisborgarar. Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda var 6,6%. Það hlutfall var hið sama ári áður, en erlendum ríkisborgurum fækkaði lítillega milli 2011 og 2012.

Pólverjar fjölmennastir

Eins og síðustu ár voru Pólverjar langfjölmennasti hópur erlendra ríkisborgara hér á landi hinn 1. janúar 2012. Alls voru 9.049 einstaklingar upprunnir frá Póllandi eða 43,2% allra erlendra ríkisborgara. Pólskir karlar voru 45,9% allra erlendra ríkisborgara af karlkyni 1. janúar 2012, eða 4.915 af 10.714. Pólskar konur voru 40,6% af erlendum kvenkyns ríkisborgurum. Næstfjölmennasti hópur erlendra ríkisborgara var frá Litháen, 7,7% en 4,4% erlendra ríkisborgara koma frá Þýskalandi.


Hinn 1. janúar 2012 voru karlar 1.153 fleiri en konur meðal erlendra ríkisborgara. Kynjahlutfallið er hins vegar misjafnt eftir því frá hvaða landi var komið. Þannig voru 1.188 karlar á hverjar 1.000 konur meðal erlendra ríkisborgara frá Póllandi og 1.157 frá Litháen. En meðal erlendra ríkisborgara frá Filippseyjum voru aftur á móti 791 karl á hverjar 1.000 konur hinn 1. janúar 2012.

Fæddir erlendis

Í upphafi árs 2012 var 34.671 einstaklingur fæddur erlendis, eða 10,8% mannfjöldans. Af þeim eru flestir jafnframt erlendir ríkisborgarar, eða 19.334. Fjölmarginir íslenskir ríkisborgarar eru fæddir erlendis, eða 15.337. Bæði er um að ræða fólk af erlendum uppruna sem hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt og börn fædd af íslensku foreldri á erlendri grund.

Mynd 5. Mannfjöldinn eftir ríkisfangi og fæðingarlandi 1. janúar 2012

Figure 5. Population by citizenship and country of birth 1 January 2012

*Nýir íslenskir ríkisborgarar*

Árið 2011 fengu 370 einstaklingar íslenskan ríkisborgararétt en 450 ári áður. Ekki hafa færri einstaklingar fengið íslenskan ríkisborgarétt á einu ári síðan 2002. Frá árinu 1992 hafa konur verið í meirihluta nýrra íslenskra ríkisborgara. Svo var og í fyrra þegar 201 kona fékk íslenskan ríkisborgararétt en 169 karlar.

Flestir nýrra ríkisborgara árið 2011 voru frá Evrópu, þar af 35 frá Póllandi og 34 frá Serbíu. Næstflestir voru frá Asíu, þar af 35 frá Filippseyjum. Þetta er svipuð skipting og undanfarin ár.

Búferlaflutningar

Árið 2011 fluttu 1.404 fleiri frá landinu en til þess. Það dró úr brottflutningi á árinu miðað við árið áður, þegar 2.134 fluttu úr landi umfram aðflutta, og 2009 þegar flutningsjöfnuðurinn var neikvæður um 4.835. Á undanförunum þremur árum hefur aðflutningur til landsins verið nokkuð stöðugur. Á síðasta ári fluttu 5.578 einstaklingar til landsins, samanborið við 5.625 árið 2010 og 5.777 árið 2009. Á árinu 2011 fækkaði hins vegar brottfluttum verulega. Þá fluttu 6.982 úr landi, samanborið við 7.759 á árinu 2010 og 10.612 árið 2009.

Flestir til Noregs

Flestir þeirra sem fluttu af landi brott fóru til Noregs, alls 1.599 einstaklingar, en brottfluttir til Póllands voru 1.039. Alls fluttu 3.254 til Danmerkur, Noregs eða Svíþjóðar árið 2011 meðan 2.330 fluttu þaðan til landsins. Frá Póllandi fluttust 780 manns til landsins. Búferlaflutningar til og frá öðrum löndum var mun minni en til þessara landa.

Fleiri íslenskir ríkisborgarar

Íslenskir ríkisborgarar voru fleiri en erlendir í hópi brottfluttra, eða 4.135 á móti 2.847. Íslenskir ríkisborgarar voru einnig fleiri meðal aðfluttra en útlenskir, 2.824 á

móti 2.754. Alls fluttu því 1.311 íslenskir ríkisborgarar úr landi umfram brottflutta, en 93 erlendir ríkisborgarar.

Aðfluttir yngri en brottfluttir

Árið 2011 voru flestir brottfluttra á aldrinum 25–29 ára, flestir þó 24 ára af einstaka árgöngum. Fjölmennasti hópur aðfluttra var á aldrinum 20–24 ára. Tíðasti aldur aðfluttra einstaklinga var 23 ára. Þegar tekið er tillit til fjölda brottfluttra umfram aðflutta var mest fækkun vegna fólksflutninga frá landinu í aldursþópnum 30–34 ára.

Straumurinn suður

Innanlandsflutningum fjölgaði árið 2011 eftir þriggja ára samdráttarskeið. Aðeins á Austurlandi varð ekki mannfækkun af völdum búferlaflutninga. Þaðan fluttu 19 til annarra landsvæða, en 23 fluttu til Austurlands frá útlöndum. Höfuðborgarsvæðið tapaði flestum einstaklingum vegna brottflutninga umfram aðflutninga eða 488 manns. Það tap helgast aðallega af miklum flutningum frá höfuðborgarsvæðinu til útlanda en þangað fluttu 1.127 umfram aðflutta frá höfuðborgarsvæðinu. Aftur á móti fékk höfuðborgarsvæðið 639 einstaklinga umfram brottflutta í innanlandsflutningum frá öðrum landsvæðum. Á Suðurnesjum fjölgaði fólki vegna búferlaflutninga frá öðrum landsvæðum um 43, en þaðan fluttu 153 umfram aðflutta til útlanda. Á öðrum landsvæðum voru brottfluttir fleiri en aðfluttir, hvort sem litið er til innanlands- eða millilandaflutninga.

Tafla 3. Búferlaflutningar eftir landsvæðum 2011

Table 3. Internal and external migration by region 2011

	Aðfluttir umfram brottflutta alls <i>Net migration, total</i>	Innanlands <i>Net internal migration</i>	Milli landa <i>Net external migration</i>
Alls Total	-1.404	–	-1.404
Höfuðborgarsvæðið <i>Capital region</i>	-488	639	-1.127
Suðurnes <i>Southwest</i>	-110	43	-153
Vesturland <i>West</i>	-131	-143	12
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	-135	-126	-9
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	-194	-165	-29
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	-110	-18	-92
Austurland <i>East</i>	4	-19	23
Suðurland <i>South</i>	-240	-211	-29

Fæðingar


Árið 2011 fæddust 2.327 drengir og 2.169 stúlkur á Íslandi, eða 4.496 alls. Í þessum tölum eru talin 46 börn fædd erlendis þar sem móðirin átti lögheimili á Íslandi. Þegar litið er til undanfarinna sex áratuga er þessi fjöldi fæðinga aðeins fyrir ofan meðaltal, en í 25 ár af 61 hafa fæðst fleiri börn á Íslandi en árið 2011.

Fæðingartíðni lækkar

Fæðingartíðnin, þ.e. fjöldi fæðinga á hverjar 1.000 konur á aldrinum 15–44 ára, var 68 árið 2011, samanborið við 73,7 á síðasta ári. Á undanförunum tveimur áratugum var fæðingartíðnin mest árið 1992, en lækkaði svo ört þar til hún var komin undir 65 árið 2002. Frá þeim tíma hefur hún hækkað aftur og náði hámarki að nýju árið 2010.

Mynd 6. Fæðingartíðni 1991–2011

Figure 6. Crude birth rate 1991–2011



Dánir og ævilíkur

Árið 2011 létust 1.985 einstaklingar sem búsettir voru á Íslandi, 998 karlar og 987 konur. Dánartíðni var 6,2 látnir á hverja 1.000 íbúa og lækkaði lítillega frá árinu 2010.

Ungbarnadauði á Íslandi var 0,9 börn af hverjum 1.000 lifandi fæddum árið 2011 en var 2,2 börn af hverjum 1.000 lifandi fæddum ári áður.

Árið 2011 gátu nýfæddir drengir vænst þess að ná að meðaltali 79,9 ára aldri, en stúlkur 83,6 ára aldri. Á fimm ára tímabili, 2006–2010 var meðalævi karla 79,4 ár en kvenna 83,1 ár.

Meðalævin lengist

Meðalævilengd hefur vaxið jafnt og þétt hjá báðum kynjum undanfarna öld. Vöxturinn stóð reyndar í stað hjá körlum á árabílinu 1951–1970, en aftur hefur dregið saman með kynjunum síðan þá. Heldur hefur dregið úr vexti meðalævilengdarinnar eftir miðja 20. öldina, en hún jókst mjög hratt frá lokum 19. aldarinnar.


Alþjóðlegt samhengi

Árið 2010 var ungbarnadauði á Íslandi 2,2 af 1.000 lifandi fæddum. Hvergi í Evrópu var ungbarnadauði jafn lágur og hér árið 2010. Næstir Íslandi komu Finnar en þar var ungbarnadauði 2,3 af 1.000 lifandi fæddum. Annars staðar á Norðurlöndum var ungbarnadauði á bilinu 2,5–3,4. Í Evrópu var ungbarnadauði tíðastur í Tyrklandi eða 13,2 af hverjum 1.000 lifandi fæddum árið 2010.

Lífslíkur íslenskra karla hafa batnað mjög á undanförunum árum. Frá árinu 2000 hafa þeir bætt við sig rúmlega tveimur árum í meðalævilengd. Árið 2010 voru þeir í þriðja sæti í Evrópu hvað þetta varðar, en Svisslendingar með sjónarmun hærri meðaldur (79,9 á móti 79,5) í fyrsta sæti. Meðalævi íslenskra kvenna hefur hins vegar lengst hægar en karla. Árið 2010 voru þær í 9. sæti þegar meðalævilengd evrópskra kvenna er borin saman, en þar voru spænskar konur í efsta sæti og geta orðið tæplega tveimur árum eldri en þær íslensku.

Mynd 7. Meðalævilengd eftir kyni 1971–2011

Figure 7. Life expectancy at birth by sex 1971–2011

**Kjarnafjölskyldur**

Þann 1. janúar 2012 voru kjarnafjölskyldur á landinu alls 77.621 og hafði fjölgað líttilega frá árinu áður. Barnafjölskyldum fækkaði hins vegar um 470, en barnlausum hjónaböndum og sambúðum fjölgaði um 721. Einhleypum fjölgaði um 1.073 frá því ári áður.

Tafla 4. Einhleypir og kjarnafjölskyldur eftir fjölskyldugerð 2002–2012

Table 4. Single persons and nuclear families by family type 2002–2012

	2002	2007	2011	2012
Alls	149.029	165.728	173.379	174.703
Einhleypir <i>Single persons</i>	78.435	91.107	96.009	97.082
Kjarnafjölskyldur alls <i>Nuclear families, total</i>	70.594	74.621	77.370	77.621
Hjónabönd og staðfest samvist <i>Marriages</i>				
Gagnstætt kyn án barna <i>Hetero sex without children</i>	23.957	26.046	28.366	28.941
Gagnstætt kyn með börnum <i>Hetero sex with children</i>	23.664	23.869	23.432	22.975
Sama kyn án barna <i>Same sex without children</i>	50	88	116	121
Sama kyn með börnum <i>Same sex with children</i>	5	21	31	41
Óvígð sambúð <i>Cohabitation</i>				
Gagnstætt kyn án barna <i>Hetero sex without children</i>	2.877	3.212	3.025	3.161
Gagnstætt kyn með börnum <i>Hetero sex with children</i>	8.806	9.145	9.613	9.723
Sama kyn án barna <i>Same sex without children</i>	•	•	56	61
Sama kyn með börnum <i>Same sex with children</i>	•	•	17	22
Einstæðir feður <i>Single fathers</i>	841	983	1.139	1.111
Einstæðar mæður <i>Single mothers</i>	10.394	11.257	11.575	11.465

Hugtök og aðferðir

- Flutningsjöfnuður* Flutningsjöfnuður er mismunur aðfluttra og brottfluttra á tilteknu svæði á einu ári. Jákvæður flutningsjöfnuður er þegar aðfluttir eru fleiri en brottfluttir.
- Náttúruleg fjölgun* Með náttúrulegri fjölgun er átt við fjölda fæddra umfram dána á tilteknu svæði á einu ári. Þegar dánir eru fleiri en fæddir er náttúruleg fjölgun neikvæð og er þá talað um náttúrulega fækkun.
- Kjarnafjölskylda* Kjarnafjölskyldur teljast vera hjón eða sambúðarfólk með eða án barna undir 18 ára, eða einstæðir feður eða mæður með börn á framfæri undir 18 ára aldri. Einstaklingar 18 ára og eldri sem hafa ekki gengið í sambúð eða hjónaband eða hafa barn á sínu framfæri teljast einhleypir, jafnvel þótt þeir dveljist enn hjá foreldrum sínum.
- Mannfjöldinn* Til mannfjöldans 1. janúar ár hvert teljast allir þeir sem hafa lögheimili sitt í viðkomandi sveitarfélagi á miðnætti í upphafi árs. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilis-muni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika. (1. gr. laga nr. 21/1990). Hverjum þeim sem dvelst eða ætlar að dveljist á Íslandi í sex mánuði eða lengur ber að skrá lögheimili sitt á Íslandi. Dveljist hann eða ætlar að dvelja vegna atvinnu eða náms í þrjá mánuði eða lengur má hann þó eiga lögheimili hér (2. gr. sömu laga).

Hugtakið um lögheimili eins og það er notað í íbúaskrá þjóðskrár er því frábrugðið leiðbeiningum Sameinuðu þjóðanna um skilgreiningu vanalegrar búsetu, en þar er miðað við að viðkomandi einstaklingur ætli sér búa á nýjum stað í a.m.k. 12 mánuði eða hafi þegar búið a.m.k. 12 mánuði á staðnum.

Skráning lögheimilis í íbúaskrá þjóðskrár er þó ekki aðeins frábrugðin alþjóðlegum leiðbeiningum hvað varðar búferlaflutninga milli landa. Leiðbeiningarnar eiga líka við um búferlaflutninga innanlands. Í flutningstilkynningum innanlands er hins vegar ekki spurt hvort ætlað sé að flutningurinn sé til skamms tíma eða ekki, þannig að allar tilkynningar um breytt lögheimili eru meðhöndlaðar sem breyting á fastri búsetu, óháð því hversu lengi viðkomandi ætlar sér að búa á nýjum stað.

- Þéttbýlisstaður* Vegna töku manntals 2011 hefur Hagstofan farið yfir og endurskoðað skilgreiningu sína á þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum. Nánar er gerð grein fyrir þessari endurskoðun í skýrslu sem fylgdi frétt um mannfjöldann 1. janúar 2012 og gefin var út 14. febrúar 2012.¹ Endurskoðuð skilgreining byggir að stórum hluta á nýjum gögnum frá Þjóðskrá Íslands, þar sem nær öll heimilisföng í ársbyrjun 2011 og 2012 hafa verið hnitsett í hnitakerfinu ISN93.

Helstu breytingar skilgreiningarinnar eru þær að nú eru þéttbýlisstaðir skilgreindir óháð byggðakjörnum og þar með sveitarfélagsmörkum. Miðað er við að þéttbýlisstaðurinn hafi skýrt gatnakerfi, sérstakt heiti eða ekki sé meira en 200 metrar milli húsa. Lögð er af sú regla að allt sveitarfélagið, ef um er að ræða kaupstaði eða kauptúnahreppa, teljist til þéttbýlis, enda er langt um liðið frá því skipting landsins

¹ Endurskilgreining Hagstofu Íslands á þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum (<http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=13604>).

